

Alþingi
Erindi nr. P 127/589
Komudagur 11.01.2002

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Kópavogur 8. jan. 2002

Erindi: Svar við ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslikamann, 46 mál.

Ég tel að rannsaka þurfi þessa þætti sem nefndir eru. Ég tel að þar sem talað er um háspennulínur ætti frekar að nefna „rafmagnsveitulínur orkuveitna“ því þá eru jarðkaplar inni í myndinni en ekki bara háspennulínur. Jarðkaplar liggja gjarnan undir gangstéttum og eru því oft á tíðum nálægt húsum.


Það er mín skoðun að rannsóknir miðist við mæld gildi, frekar en áætluð, eins og oft er stuðst við í faraldsfræðirannsóknum.

Það er mín tillaga að rannsakað verði hvort viðvera í rafsegulsviði geti valdið krabbameini og/eða hækkandi sjálfsvigstíðni. Slikt væri hægt að rannsaka í orkuverum og iðnaði.

Einnig vil ég benda á að rannsaka mætti hvort hægt sé að greina mismun á tíðni krabbameins eftir raforkukerfum. Þ.e. spurning hvort tíðni krabbameins sé hærri á þeim svæðum Reykjavíkur þar sem 400V, 3fasa kerfið er notað frekar en á svæðum þar sem notast er við 2 * 115V eins og í gamla vesturbænum.

Það væri einnig mikill fengur í því ef stofnuð væri nefnd fagmanna til að fara ofan í saumana á umræðunni um áhrif rafsegulsviðs. Sú nefnd ætti enn fremur að skoða árangur Brynjólfs Snorrasonar. Lærðir vísindamenn hafa komið að sumum verkum hans og viðurkenna að ekki sé allt með felldu þegar kemur að samspili rafmagnsáhrifa og ræktunnar.

Virðingarfyllt.



Valdemar Gísli Valdemarsson
rafeindavirkjameistari

Valdemar Gísli Valdemarsson Hlynsölum 16. 201 Kópavogi
s: 896 6110 email: vgv@ir.is <http://www.simnet.is/vgv>